

Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

Fundargerð 7. fundar, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar 6. janúar 2016 og hófst kl. 17:00.

Fundinn sátu: Borghildur Sturludóttir, Fjölur Sæmundsson, Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

Listi yfir erindi til Hafnarfjarðarbæjar varðandi Krýsuvík undanfarin ár

Kristinn hafði, f.h. hópsins, óskað eftir að tekin væru saman þau erindi sem borist hafa til bæjarins um nýtingu og starfsemi á Krýsuvíkursvæðinu frá árinu 2000. Niðurstaða barst frá skjalaverði bæjarins með lista yfir mál úr „One“ mála- og skjalakerfi Hafnarfjarðar, þar sem „Krýsuvík“ kemur fyrir í titlinum. Fram kom að erfitt væri að ná saman yfirliti yfir öll þau erindi og hugmyndir sem borist hafa þessu tengt og vísað var til skjalavörslu hjá bæjarfélaginu.

Á þeim lista sem hér fékkst er um að ræða 177 mál á þessu 15 ára tímabili, eða að meðaltali um 12 mál á ári sem þannig eru skráð sérstaklega í „One“ kerfið. Málin eru númeruð í skjalakerfinu en vandkvæði virðast á að leita í fundargerðum eftir númerum málanna og finna þannig lýsingu á hverju máli um sig. Rætt var hvornig frekar yrði unnið úr þessum lista til þess að gefa heildstæða mynd af þeim erindum og viðfangsefnum sem varðað hafa Krýsuvíkursvæðið undanfarin ár.

Hvað er Krýsuvík?

Haldið áfram skilgreiningu á þeim atriðum lýsa hvers eðlis svæðið er og hvornig það nýtist með mismunandi hætti: Útivist, íþróttir, orkuöflun, ferðapjónustuhópar, veitingar, gróðuryrkja, o.s.frv. Mikilvægt væri að unnt væri að svara áhugasómum og benda á tiltekna reiti innan svæðisins fyrir viðkomandi starfsemi, hafa ramma um nýtinguna og skilyrði fyrir henni.

Rætt um að fá hvít kort af svæðinu, byrja á að rissa inn „staðsetningar“ eða reiti fyrir þau erindi sem hafa borist til bæjarins undanfarin ár. Í framhaldi af því mætti afmarka svæði eða reiti fyrir mismunandi nýtingu til framtíðar.

Hagsmunaaðilar

Haldið áfram umræðu um hverjir væru hagsmunaaðilar að svæðinu og rætt um að ræða við tiltekna aðila sem hafa sérstakleg óskað eftir slíku eða sem hópurinn taldi gagnlegt að heyra í á þessu stigi.

Samþykkt að fá fulltrúa HS Orku á næsta fund hópsins, en ósk hefur komið þaðan um að eiga slíkan fund til kynningar og samræðna.

Fundi slitið kl. 18:00.

Sent stýrihóp til samþykktar